

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 23. júní 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-60/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. júní sl. óskaði X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, eftir áliti kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y, hér eftir nefnt seljandi. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu kostnaðar sem til kom vegna tafa á flugi í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Það er ljóst að ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu flugfélags. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hverrar þjónustu lögin ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum falla kaup á þjónustu ferðaskrifstofa eða flugfélaga ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Rétt er að vekja athygli álitsbeiðanda á úrskurðarneftnd Neytendasamtakanna og Samtaka ferðaþjónustunnar sem vistuð er hjá Neytendasamtökunum og Flugmálastjórn, sem hefur eftirlit með reglugerð um réttindi flugfarþega.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir